

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 214/2019

2023/EES/3/09

frá 27. september 2019

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/839 frá 7. mars 2019 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 540/2014 um hljóðstig vélknúinna ökutækja og hljóðdeyfikerfa til endurnýjunar ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við lið 2a (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 540/2014) í I. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32019 R 0839**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/839 frá 7. mars 2019 (Stjtið. ESB L 138, 24.5.2019, bls. 70).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/839, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. september 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. september 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gunnar Pálsson

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 138, 24.5.2019, bls. 70.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.